

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 46/98
frá 29. maí 1998**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/97 frá 9. desember 1997⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/4/EB frá 27. janúar 1997 um breytingu á tilskipun 79/112/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 18. lið (tilskipun ráðsins 79/112/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0004:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/4/EB frá 27. janúar 1997 (Stjórið. EB nr. L 43, 14. 2. 1997, bls. 21).”.

2. gr.

⁽¹⁾ Stjórið. EB nr. L 193, 9.7.1998, bls. 45 og EES-viðbætir við Stjórið. EB nr. 27, 9. 7. 1998, bls. 36.

⁽²⁾ Stjórið. EB nr. L 43, 14. 2. 1997, bls. 21.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/4/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. maí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik E. Gerner